

reiðarakstur og að missa ökuréttindi í 6 mánuði. Á þeim tíma voru í gildi sömu bifreiðalög og nú, en samkvæmt þeim er varðhald lágmarksrefsing fyrir ölvun við bifreiðarakstur, nema því aðeins að sérstakar málsbætur séu fyrir hendi, og þar er einnig lagt svo fyrir, að ökuleyfisvipting skuli gerð með dómi. Svo hefur verið talið, að refsing samkvæmt réttarsætt, er væri fyrir neðan lágmarksrefsingu, er lög leggja við brotinu, hefði ekki itrekunaráhrif, nema það væri tekið fram í sættinni sjálfri. Þessa reglu verður enn að telja í gildi. Af því leiðir, að ofangreind réttarsætt hefur ekki itrekunarverkanir, þar sem hvergi er vikið að því í sættinni og refsingin er undir lágmarksrefsingu laganna. Hins vegar þykir rétt að láta brot þetta hafa nokkur áhrif á timalengd ökuleyfisviptingar hans nú.

Með tilliti til þess, er nú hefur verið tekið fram, og annarra atvika þykir nægjanlegt að svipta kærða ökuréttindum í níu mánuði frá 30. nóvember s. l. að telja.

Svo ber honum að greiða allan sakarkostnað og þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns, er ákveðast kr. 250.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu dóms þessa, er stafar af önnum vegna lögreglu- og sakamálarannsókna.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Tómas Markússon, sæti 10 daga varðhaldi.

Hann er sviptur ökuréttindum í 9 mánuði frá 30. nóvember s. l. að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað og þar á meðal kr. 250.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. maí 1946.

Nr. 11/1946. **Ingólfur Bjarnason f. h. Raftækjaverzlunarin**
innar Ljósafoss (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
 gegn

Magnúsi Jónssyni (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1946, krefst þess, að leiguuppsögnin

frá 13. febrúar 1945 verði gild metin og stefnda verði gert að rýma íbúð þá, sem hann hefur á leigu í húsinu nr. 27 við Laugaveg. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur prófessor Niels Dungal framkvæmt ofnæmisprófanir á áfrýjanda Ingólfi Bjarnasyni, og hefur áfrýjandi samkvæmt vottorði prófessorsins töluvert ofnæmi gagnvart ýsu. Heimilislæknir áfrýjanda hefur nú gefið vottorð þess efnis, að áfrýjandi sé veikur af „asthma“, sem einkum verður vart, er áfrýjandi er á heimili sínu. Að þessu athuguðu verður að telja sannað, að fisklyktin frá fiskimjölsverksmiðju þeirri, sem er nálægt heimili áfrýjanda, hafi ill áhrif á heilsufar hans. Þar sem svo stóð á, var áfrýjanda því heimilt samkvæmt þeirri meginreglu, er liggur til grundvallar 1. gr. laga nr. 39/1943, að krefjast þess að fá íbúð þá, sem stefndi hefur, til sinna nota gegn því að bjóða stefnda til afnota fullgilda íbúð í húsi sínu Hólum við Kleppsveg, sem áfrýjandi býr nú í. Þar sem áfrýjandi hefur ekki boðið stefnda íbúðaskipti, verður krafa hans ekki tekin til greina, og ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingólfur Bjarnason f. h. Raftækjaverzlunarinnar Ljósafoss, greiði stefnda, Magnúsi Jónssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. nóv. 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. f. m., hefur Ingólfur Bjarnason, Hólum við Kleppsveg hér í bæ, f. h. Raftækjaverzlunar-

innar Ljósafoss, Laugaveg 27 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. júní s. l., gegn Magnúsi Jónssyni, Laugaveg 27 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að síðargreindur úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðinn 4. júní s. l., verði úr gildi felldur og stefnda gert að rýma íbúð þá, er hann nú býr í að Laugavegi 27. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að um þriggja ára skeið hefur stefndi haft íbúð á leigu í húsinu nr. 27 við Laugaveg hér í bænum. Hús þetta hefur verið í eigu firmans Raftækjaverzlunarinnar Ljósafoss síðan árið 1940, en firma þetta er sameign Ingólfs Bjarnasonar og annars manns. Íbúð stefnda er á neðri hæð hússins, og er 3 herbergi og eldhús. Býr stefndi þar með sambýliskonu sinni, upp kominni dóttur og 11 ára syni sambýliskonunnar.

Leigumálinn virðist ekki vera skriflegur, en með venjulegum kjörum og til óákveðins tíma. Með uppsögn, dags. 13. febrúar s. l., sagði stefnandi stefnda upp leigumálanum um húsnæðið til brotflutnings 14. maí s. l. Gildi uppsagnar þessarar var borið undir húsaleigunefnd Reykjavíkur, og með úrskurði, upp kveðnum 4. júní s. l., mat nefndin uppsögnina ógilda.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að nefndur Ingólfur Bjarnason hafi brýna nauðsyn fyrir húsnæði það, er stefndi býr í. Ingólfur býi að Hólum við Kleppsveg hér í bænum og hafi hann þar til afnota 5 herbergi og eldhús. Þannig hagi til, að þar nálægt sé fiskimjölsværksmiðja og því mikið af fiskúrgangi nálægt húsinu. Ingólfur þjáist af ópoli (allergi) gagnvart fiskúrgangi, og beri honum því brýn nauðsyn til að fá sér annað húsnæði. Hefur stefnandi til stuðnings þessu lagt fram vottorð læknis nokkurs um þetta efni. Með skírskotun til þess telur stefnandi, að nefndur Ingólfur hafi brýna þörf fyrir annað húsnæði samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 1. gr. húsaleigulaganna. Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að Ingólfi Bjarnasyni sé ekki brýn nauðsyn að fá til íbúðar húsnæði sitt, þar sem Ingólfur býi nú í húsi, sem hann eigi sjálfur, en ósannað sé, að hann þjáist af nokkrum þeim sjúkdómi, er skapi honum brýna þörf til að flytja úr því. Hefur stefndi í því sambandi mótmælt áðurgreindu læknisvottorði sem röngu. Loks hefur stefndi bent á, að Ingólfur ætli að selja hús sitt, ef hann flytjist úr því, en hafi ekki boðið sér (stefnda) íbúðaskipti, sem hann hefði verið fús á að hlita.

Í nefndu læknisvottorði segir svo: „Ingólfur Bjarnason, Hólum við Kleppsveg, virðist hafa ópol (allergi) gagnvart *fiskúrgangi*, og befi ég því ráðlagt honum að flytja úr því umhverfi, er hann býr nú í til bæjarins.“ Önnur gögn um þetta efni hafa ekki komið fram

í málinu, og þar sem vottorð þetta er allóakveðið að orðalagi og því mótmælt sem röngu, verður ekki talið sannað, að nefndur Ingólfur þjáist af nokkrum þeim sjúkdómi, er skapi honum brýna þörf á að flytja úr húsnæði því, er hann nú býr í.

Samkvæmt þessu verður ekki talið sannað, að Ingólfur hafi brýna þörf fyrir húsnæði stefnda í merkingu ákvæða 1. mgr. 1. gr. húsaleigulaganna.

Með vísan til þess verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Magnús Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingólfs Bjarnasonar f. h. Raftækjaverzlunarinnar Ljósa-foss, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. maí 1946.

Nr. 104/1945. Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs

(Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson)

gegn

Háskólaráði f. h. Sáttmálasjóðs sem eiganda

Tjarnarbíós (Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari Einar borgardómari Arnalds
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grimsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1945, gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi fellur og að lagt verði fyrir fégetann að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Svö krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati réttarins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.